



Fundargerð

Fundur í skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps
mánudaginn 7. mars 2016 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson, Egill Sigurgeirsson og Rebekka Eiríksdóttir. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri.
Formaður bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Eitt mál barst og var samþykkt að taka málið til umfjöllunar. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar 8. febrúar 2016.
Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.
2. 1603002 - Hyrningsstaðir, lóð 8, 175990, umsókn um stofnun fasteignarinnar Hesthúshóll.
Umsókn frá Jóhannesi Páli Halldórssyni og Sveini B. Jóhannessyni.
Fyrir liggur hnitsettur uppdráttur af Hyrningsstöðum, lóð 8, 15.073 fm, og samþykkt stofnun lóðarinnar Hesthúshóll, 861 fm úr fyrrnefndri lóð. Nefndin samþykkir umsóknina með þeim fyrirvara að gengið verði frá eignarhaldi á lóðinni Hyrningsstaðir, lóð 8. Samþykkt samhljóða.
3. 1603004 – Hofstaðir 139592 – umsókn um stofnun fasteignarinnar Rauðamýri.
Umsókn frá Arnóri H. Ragnarssyni, dagsett 18. febrúar 2016.
Fyrir liggur hnitsettur uppdráttur af lóðinni Rauðamýri, 2.62 ha úr jörðinni Hofstaðir 139592. Nefndin samþykkir stofnun lóðarinnar samhljóða.

Mál til kynningar:

4. 1603003 – Fundargerð 381. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands.
Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

5. 1206031 – Græningarður 139761, stækkun lóðar og byggingaleyfi á 24,9 fm geymsluskúr.
Nefndin samþykkir framlagðar teikningar samhljóða. Lóðin stækkar úr 500 fm í 675 fm. Byggingafulltrúa og sveitarstjóra falið að útbúa nýjan lóðarleigusamning við aðila. Skipulagsfulltrúa falið að grenndarkynna breytingarnar lóðarhafa aðliggjandi lóðar.

Fundargerð lesin, fundi slitið kl. 10.50.
